

## Fí fasteignafélag slhf. Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Fí fasteignafélags slhf. („Fí fasteignafélag“ eða „félagið“) og starfar samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdum almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd. Nefndin er skipuð af stjórn Fí fasteignafélags sem setur henni eftirfarandi reglur:

### 1. Skipun og samsetning endurskoðunarnefndar

1.1 Stjórn félagsins skipar endurskoðunarnefnd eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, og skal stjórn tilnefna formann. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og daglegum stjórnendum þess. Meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður félaginu, auk þess sem a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins skal ekki eiga sæti í nefndinni en sitja fundi með henni, eftir því sem við á.

Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu í samræmi við verkefni nefndarinnar. Skal a.m.k. einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

1.2 Þegar nefndarmaður er skipaður í fyrsta sinn skal þess gætt að hann fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

1.3 Láti nefndarmaður af störfum skal stjórnin kjósa nýjan í hans stað innan mánaðar.

### 2. Fundir

2.1 Nefndin skal hittast að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að fara yfir ársreikning og árshlutareikninga og halda aukafundi þegar formaður nefndarinnar telur þörf á því. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður félagsins og einstakir nefndarmenn geta óskað eftir því við formann nefndarinnar að halda aukafundi ef málefni koma upp sem gera það nauðsynlegt.

2.2 Af hálfu endurskoðunarnefndar skal séð til þess að a.m.k. einn nefndarmaður sé viðstaddur hluthafafundi í félaginu ef fundarefni lúta að starfssviði nefndarinnar.

### 3. Hlutverk og ábyrgðarsvið

3.1 Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.

3.2 Nefndin skal hafa með höndum eftirfarandi verkefni án tillits til ábyrgðar stjórnar, framkvæmdastjóra eða annarra á þessu sviði:

- a) Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- b) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins.
- c) Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- d) Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.
- e) Yfirfara stjórnarháttayfirlýsingu félagsins og hafa eftirlit með að lýsingu hennar á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringar sé í samræmi við reikningsskil félagsins.

- f) Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun, ef við á, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða.
- g) Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda.
- h) Önnur verkefni sem stjórn félagsins felur nefndinni.

3.3 Endurskoðunarnefnd skal tryggja að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndarinnar. Endurskoðunarnefnd skal halda fundargerð um fundi sína og skila skýrslum um störf sín til stjórnar eigi sjaldnar en árlega. Með skýrslu til stjórnar skulu fylgja fundargerðir endurskoðunarnefndar vegna þess tímabils sem skýrslan tekur til. Getur stjórn enn fremur kallað eftir einstökum fundargerðum sé þess talin þörf. Endurskoðunarnefnd skal árlega standa að úttekt á innra eftirliti og áhættustýringu og bregðast við sé úrbóta þörf.

#### 4. Heimildir endurskoðunarnefndar og aðgengi að gögnum

4.1 Við framkvæmd starfa sinna er mikilvægt að endurskoðunarnefnd hafi viðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum, ytri endurskoðendum og getur nefndin óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim er varða störf hennar.

#### 5. Þagnarskylda

5.1 Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema að um sé að ræða málefni sem nefndin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum laga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

#### 6. Gildistaka

6.1 Reglur þessar eru settar af stjórn Fí fasteignafélags og taka gildi 3. júní 2024.

6.2 Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn Fí fasteignafélags hefur samþykkt þær.

Stjórn Fí fasteignafélags slhf.

